




UMMÆLI NÁMSMANNA



Ástþór Ingvi Ingvason

Þetta námskeið hefur fært mér nýja sýn á tvívíð form, ritaðan texta svo og vinnuteikningar. Þetta er að skila mér mun betri árangri.

Námskeiðið hefur opnað huga minn fyrir algjerri nýjung við nálgun lestrar og viðfangsefna. Ég hef lært að stilla hugann og nálgast þannig lesturinn á nýjan hátt.



Hálf dán Freyr Örnólfsson

Námskeiðið opnaði augu mín fyrir nýju lífi með bók í hönd. Ég fékk aukið sjálfstraust og mikla hvatningu. Leiðbeinendurnir töldu mér trú um að ég gæti gert það sem mig langar ef ég vildi.

Í dag er ég í skóla og stunda nám af krafti. Ég les í hverri viku og skriftin hefur líka lagast til muna. Í stuttu máli; námskeið sem er hvetjandi, skemmtilegt og allan hátt frábært.

AFTUR Í NÁM

„Aftur í nám“ er ætlað þeim sem eru komin af unglingsaldri og glíma enn við lestrar- og skriftarörðugleika.

Námið er 95 kennslustundir sem má meta til að stytta nám í framhaldsskóla um allt að 7 einingar.

Megináhersla er lögð á lestrar- og námsfærni námsmanna.

Markmiðið er að auka hæfni þeirra til starfs og náms og stuðla að jákvæðu viðhorfi til áframhaldandi náms.

Tilgangur námsins er að styrkja sjálfstraust námsmanna, búa þá undir frekari þjálfun eftir að námskeiðinu lýkur og þjálfa þá í lestri og skrift með aðferðum Ron Davis.

Námsspáttur	kst
Sjálfsstyrking	16
Davis þjálfun	40
Íslenska	20
Tölvur	16
Einkatímar með námsráðgjafa	1
Mat á námskeið	2
Samtals	95

Námsskrá með nánari lýsingum er að finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins: www.frae.is